


Rafrænar sendingar gagna til héraðsdómstóla með Justikal

Hægt er að nota lausn Justikal til þess að senda gögn með rafrænum hætti til héraðsdómstóla á Íslandi. Eftirfarandi eru leiðbeiningar fyrir lögmennt og ytri aðila til þess að senda gögn með lausninni.

1. Justikal kerfið er aðgengilegt með því að nota eftirfarandi vefslóð: <https://app.justikal.com/login>
2. Notandi notar rafræn skilríki til þess að auðkenna sig.
3. Ef aðillinn hefur ekki áður skráð sig inn er honum boðið að stofna nýjan aðgang með því að staðfesta netfangið sitt og samþykkja skilmála þjónustunnar. Þegar hann er kominn með aðgang að lausninni getur hann innskráð sig með rafrænum skilríkjum.
4. Þegar notandinn hefur innskráð sig inn í kerfið sér hann yfirlit yfir öll mál sem hann hefur aðgang að undir "Mín mál". Það getur bæði átt við mál sem hann hefur sjálfur stofnað eða mál sem aðrir hafa stofnað og veitt honum aðgengi að.



The screenshot shows the 'Mín mál' (My cases) section of the Justikal application. On the left is a dark blue sidebar with a 'Mín mál' button and a 'Nýtt mál' (New case) button. The main area has a header with 'Öll mál' (All cases), 'Ósamþykkt' (Not approved), 'Í vinnslu' (In progress), and 'Lokið' (Closed). Below the header is a search bar with the text 'Leita Sláðu inn leitarorð' and a magnifying glass icon. To the right of the search bar are dropdown menus for 'Dómstóll' (Court) with 'Veldu dómstól' (Select court) and 'Raða eftir' (Sort by) with 'Síðast breytt' (Last changed). There are also icons for list and grid views. The main content area displays a case card for 'Mál nr. E-2222/2018'. The card includes a dropdown arrow on the left, the case number, and the names of the parties: 'Sókn: Margrét Anna Einarasdóttir (Sóknaraðili), Þorgerður Ester Sigurðardóttir (Sóknaraðili), Sólvi Rúnar Pétursson (Stefnandi)' and 'Vörn: Ólafur Páll Einarsson (Lögmaður vörn), Ragna Klara Magnúsdóttir (Sakaukastefndi), Jóhann Ingi Guðjónsson (Lögmaður vörn)'. At the bottom of the card, it says 'Héraðsdómur Reykjavíkur þann 23-02-2023'. A blue button labeled 'Í VINNSLU' (In progress) is located on the right side of the card.

5. Með því að smella á „Nýtt mál“ geta notendur stofnað ný mál í kerfinu. Alls þarf notandinn að fara í gegnum fjögur skref þegar mál er stofnað. Fyrst er dómstóll valinn og tegund máls. Ef málið er nú þegar til á pappír og er komið með málsnúmer er hægt að bæta því við með því að haka við „Þetta mál er komið með málsnúmer“ og málsnúmerinu er þá bætt við.

Dómstóll
Héraðsdómur Reykjavíkur

Máategund
Kæra

Tengd mál
Sláðu inn málnúmer
X-N/YYYY, N/YYYY

Þetta mál er komið með málsnúmer

G Gjaldþrotaskipti

12345

2023

Þetta málsnúmer verður sent sem tillaga með málinu til samþykktar hjá stjórnanda dómstóls. Stjórnandi dómstóls þarf síðan að samþykkja hvort þetta málsnúmer sé notað.

Hætta við Halda áfram

6. Næst er sóknaraðilum og varnaraðilum bætt við sem og öðrum aðilum ef við á. Kerfið er með tengingu við Þjóðskrá svo mögulegt er að leita að aðilum eftir nafni eða kennitölu viðkomandi. Þar næst er hlutverk og viðeigandi aðgangur valinn.

Sókn Bæta við aðila

Vörn Bæta við aðila

Bæta við aðila í sókn

Ríkisfang
Ísland

Leita eftir nafni eða kennitölu

Kennitala
Sláðu inn kennitölu

Tölvupóstur (valkvæmt)
Sláðu inn netfang

Fullt nafn
Sláðu inn nafn


Hlutverk
Veldu hlutverk

Aðgangur að máli
Velja aðgang aðila

Fulltrúi aðila (fyrirtækis)

Hætta við Bæta við aðila

7. Í næsta skrefi bæta aðilar við málgögnum. Mælt er með því að nota PDF skjalasnið til að geta forskoðað gögn í kerfinu en lausnin styður auk þess flest öll skjalasnið. Skjölin eru síðan rafrænt innsiglið með fullgildum tímastimpli sem tryggir heilleika skjalanna og tíma framlagningar. Auk þess býður kerfið upp á að hægt sé að rafrænt undirrita einstök skjöl ef það á við.



Smelltu hér eða dragðu skjöl hingað.
 Styður stakt skjal eða mörg skjöl.
 Hámarks skráarstærð - 314.57 MB.

Bæta við rafrænni undirskrift í skjöl

Þú þarft að bæta við greiðsluupplýsingum. Smelltu að takkann uppfæra greiðsluuppl.

[Virkja og undirrita skjöl rafrænt](#)

Til baka


Halda áfram

8. Í síðasta skrefinu er hægt að bæta við kvittun fyrir dómsgjöldum áður en smelt er á „Stofna mál“. Við það stofnast málið og dómsstólar fá tilkynningu um að nýtt mál hafi verið stofnað í Justikal.

Málsnúmer	****/2023
Dómsstóll	Héraðsdómur Reykjavíkur
Sókn	Sólvi Rúnar Pétursson (Lögmaður sókn)
Vörn	—
Aðrir	—
Dómsskjöl	Justikal stafrænt réttarkerfi.pdf EKKI UNDIRRITAÐ


Greiðslur

Gjöld Héraðsdómur Reykjavíkur

 Þú getur skoðað gjaldskrá dómstólsins með því að smella á hlekkinn hér fyrir neðan.

[Opna vefsíðu](#)

Pegar greitt með bankamillifærslu?

 Sendu með greiðslustaðfestingu fyrir dómsgjöldum ef millifærslu er þegar lokið. Það er einnig hægt að hlaða greiðslukvittun inn síðar en þó í síðasta lagi fyrir þingfestingu máls. Hægt er að hlaða inn .msg, .pdf og .eml skjölum.

Til baka

Stofna mál

Ef einhverjar spurningar vakna þá endilega hafið samband við Justikal í síma 546 0303 eða með tölvupósti á info@justikal.com.